



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga að breytingu á reglum um fjárhagsaðstoð.

Á fundi velferðarráðs þann 9. janúar 2019, var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 9. janúar 2019, að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð.

Lagt er til að breytingar verði gerðar á 11. og 16. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.
Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn lagði fram tillögu við gerð fjárhagsáætlunar 2019 um að hækka fjárhagsaðstoð um 6% frá og með áramótum. Ákvörðunin var tekin í kjölfar greiningar á hækkun neysluvísitölu annarsvegar og launavísitölu hinsvegar og ákveðið í kjölfarið að hækka fjárhagsaðstoð umfram hefðbunda vísitöluhækkun, þar sem um framfærslu fólks er að ræða. Mikilvægt er að samhliða hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar verði áfram unnið að krafti að innleiðingu rafræna umsókna um fjárhagsaðstoð hjá velferðarsviði með þjónustu við notendur að leiðarljósi.

Fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjárhagsaðstoð til framfærslu er veitt þeim sem ekki geta séð sér farboða án aðstoðar. Eftir umræddar breytingar nemur grunnupphæð fjárhagsaðstoðarinnar allt að 201.268 kr. á mánuði fyrir einstakling sem rekur eigið heimili en grunnupphæðin er breytileg eftir húsnæðisaðstæðum viðkomandi. Þær upphæðir eru ekki til þess fallnar að bæta viðkvæma stöðu þeirra sem framfleyta sér á henni og eru langt frá því að vera nóg til að tryggja að einstaklingar og fjölskyldur geti lifað mannsæmandi lífi. Sósíalistar myndu því vilja sjá grunnupphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu bundna við upphæð lágmarkslauna fyrir fullt starf, sem verkalýðsfélögin hafa nú sett við 300.000 kr. á mánuði. Þá telja sósíalistar einnig rétt að fjárhagsaðstoðin þróist í takt við hækkun lágmarkslauna. Þeir sem þurfa að lifa á fjárhagsaðstoð gera slíkt ekki nema að þörf sé á og ætti upphæðin að duga fyrir helstu nauðsynjum út mánuðinn en erfitt er að sjá fyrir sér hvernig ætlast sé til þess að einstaklingur lifi sómasamlega á umræddri upphæð. Gert er ráð fyrir að vaxtabætur, húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur hjálpi til við að greiða húsnæðiskostnað en það er stuðningur sem einstaklingar á lágmarkslaunum

fá einnig en slíkt dugar samt sem áður oft ekki til að láta enda ná saman.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fjárhagsaðstoð er tímabundin neyðaraðstoð og hefur Reykjavíkurborg verið með hæstu grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar á hverjum tíma. Mikilvægt er að því sé haldið til hags að þessari aðstoð er ekki ætlað að vera megin tekjustoð einstaklings til lengri tíma og hækkanir umfram það sem hér er farið í ættu að vera settar fram í samhengi við hvernig sú hækkun nýtist þeim hóp í að bæta stöðu sína og komast upp úr þeim fátæktargildrum sem þau kunna að vera stödd í hverju sinni.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins fagnar öllum hækkunum til þeirra sem búa við fjárhagsörðugleika og þurfa fjárhagsaðstoð. Þessar hækkanir hefðu þó mátt vera meiri en raun ber vitni. Hafa skal í huga að fyrir suma er þetta ekki tímabundið ástand heldur ástand til lengri tíma. Það er einfaldlega staðreynd. Fram kemur í reglunum að gert sé ráð fyrir að húsnæðiskostnaði sé mætt með greiðslu vaxtabóta, húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð. Það eru tilfelli þar sem fólk á ekki rétt á vaxtabótum eða húsnæðisstuðningi. Sumir búa í ósamþykktu húsnæði sem dæmi, eru þar fastir, eiga ekki möguleika á að koma sér úr þeim aðstæður vegna annarra vandamála. Athuga verður að hafa í huga að enginn velur að vera í erfiðri stöðu eins og hér um ræðir.


Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjárhagsaðstoð borgarinnar er veitt þeim sem ekki geta séð sér farboða án aðstoðar og er ekki veitt nema að allar aðrar leiðir hafi verið kannaðar til hlítar. Fjárhagsaðstoð til framfærslu er því síðasta úrræðið sem stendur einstaklingum til boða og er oft hugsuð sem öryggisnet til skemmri tíma en vegna aðstæðna sinna þurfa sumir að lifa á þessari upphæð til lengri tíma og mikilvægt er að upphæðin sé til þess fallin að einstaklingar og fjölskyldur búi aldrei við fátækt eða lendi í fátækrargildru.

Tillagan er hér með send borgarráði til samþykktar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Tillaga:

Lagt er til að eftirfarandi breytingar, merktar í rauðu letri, verði gerðar á 11. og 16. gr.a reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Breytingar þessar taki gildi frá og með 1. janúar 2019:

*11. gr.
Grunnfjárhæð*

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að **201.268 kr.** ~~189.875 kr.~~ á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning um húsnæðið.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að **322.028 kr.** ~~(201.268 x 1,6) 277.325 kr. (184.883:2=92.442. 184.883 + 92.442).~~

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er **169.579 kr.** ~~159.980 kr.~~

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er **100.634 kr.** ~~(201.268:2) 94.938 kr. (189.875:2).~~ Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur **169.579 kr.** ~~159.980 kr.~~ á mánuði.

Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði sé mætt með greiðslu vaxtabóta, húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Unglingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

16. gr.a

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum.

Um er að ræða börn sem eiga lögheimili hjá viðkomandi foreldri.

Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki **16.154 kr.** ~~15.240 kr.~~ á mánuði.

Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti og þjónustutryggingu leikskóla.

Jafnframt er heimilt að veita sérstaka aðstoð vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða **16.154 kr.** ~~15.240 kr.~~ fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.

Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

Greinargerð:

Í ákvæðum 9. mgr. 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð kemur fram að fjárhæðir greiðslna vegna fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Þann 4. desember 2018 var samþykkt í borgarstjórn að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar hækkuðu um 6,0% sem hér segir:

- Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem rekur eigið heimili hækkar úr 189.875 kr. í 201.268 kr. á mánuði.
- Grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks hækkar úr 303.800 kr. í 322.028 kr. á mánuði.
- Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði hækkar úr 159.980 kr. í 169.579 kr. á mánuði.
- Grunnfjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum hækkar úr 94.938 kr. í 100.634 kr. á mánuði.
- Fjárhæð vegna barna í 16 gr. a hækki úr 15.240 kr. í 16.154 kr. á mánuði.

Nauðsynlegt er að breyta reglum fjárhagsaðstoðar í samræmi við ogangreinda ákvörðun.

Áætlaður útgjaldaauki við þessa hækkun er um 48,7 m.kr. á ári og er búið að gera ráð fyrir útgjaldaaukningu í fjárhagsáætlun 2019.